

**Ed.**

**691. Nefndarálit**

**[188. mál]**

um frv. til l. um framlengingu á gildi nokkurra bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkv. frv. þessu, sem er stjórnarfrumvarp og afgreitt frá Nd., er svo til ætlað, að tekjuskattsviðauki félaga samkv. 63. gr. laganna verði látinn haldast óbreyttur til loka þessa árs og að ákvæði 67. gr. um 50% álag á eignarskatt verði framlengd til sama tíma. Ég er þessu hvoru tveggja samþykkur.

Enn fremur er svo til ætlað samkv. 1. gr. frv., að tekjuskattur, tekjuskattsviðauki og stríðsgróðaskattur félaganna sé lækkaður um 20%, þ. e. fimmta hluta, frá því, sem skattstigi laganna ákveður. Þessu er ég algerlega andvígur. Með ákvæðum skattalaganna um fyrningarafskriftir og skattfrjáls tillög til varasjóða eru félögunum veittar svo stórfelldar skattaívilnanir, að fjarri sanni er að auka þar við.

Hversu stórfelldar þessar skattaívilnanir eru, verður m. a. ljóst af því, að nettótekjur 80 tekjuhæstu félaganna í Reykjavík eru ekki taldar nema rösklega 28 millj. kr. árið 1953. En skattfrjáls varasjóðstillög þeirra sama ár eru um 10 millj. kr. Eignir þessara félaga samtals munu nema milli 400 og 500 millj. kr., eða sem svarar 5—6 millj. á hvert félag til uppjafnaðar.

Meginþungi skattabyrðarinnar hvílir hér á landi, sem kunnugt er, á einstaklingum og fyrst og fremst á launamönnum. Ég verð því að telja, að aðrar breytingar á skattalögunum séu fremur aðkallandi en sú að lækka hina tiltölulega lágu skatta á þessum félögum um einn fimmta hluta.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að breyta 1. grein þess í samræmi við það, sem að framan er sagt, og ber því fram svofellda

**BREYTINGARTILLÖGU:**

1. gr. orðist svo:

Ákvæði 63. gr. laga nr. 46/1953 um skattaauka á tekjur skal gilda árið 1955 við álagningu skatta á tekjur ársins 1954.

Alþingi, 30. apríl 1955.

Haraldur Guðmundsson.